

## NYTSAMLEGT TUNGUMÁL

Prófessor Ch. Richet er einn af merkustu vísindamönnum frönskum, lífeðlisfræðingur (fysiolog) og hefir fengið Nobelsverðlaun. Hann er í tölu þeirra náttúrufræðinga, sem vita, að líkamning, materialisation, á sér stað, og er þakkarvert, því að sú þekking mun reynast afarþýðingarmikil, t.d. fyrir læknisfræðina. En sú vanþekking er algeng, að slíkt sé ekki annað en ímyndun ein eða blekking, og er leitt til þess að vita, er aðrir eins gáfnasnillingar og H. G. Wells eða Joseph McCabe, láta sér verða svo skaðlega fáfræði. Líkamningin er náskyld því, sem í líffræðinni er kallað regeneration, endurvöxtur líkama eða líkamshluta, og má beinlínis segja, að hún sé endurvöxtur fyrir geislun, bio-radiativ regeneration. Orðtæki þetta hefir, að því er ég hygg, fyrst sést á prenti í bréfi frá mér, sem birt er í tímaritinu Light, 17. des. s.l. s. 622, með fyrirsögninni: A message from Iceland. Ég hefi einnig notað það í bréfi, sem ég skrifaði próf. Richet, er ég hafði séð bók hans um mannlega heimsku, L'homme stupide. Er þar margt vel sagt og viturlega, eins og við er að búast af slíkum manni, en þó er það þar talið til mannglegrar heimsku, að ímynda sér, að líf sé til eftir dauðann. Mótmælti ég þessu í bréfinu til hins ágæta öldungs. Hefi ég ýmist skrifað honum á ensku eða latínu, vegna þess að frönsku get ég, því miður ekki skrifað svo að nein mynd sé á, og kemur af því, að á okkar góða gamla latínuskóla var sá galli, að við lærðum ekki frönsku nema tvo vetur. Bréf þetta, sem hér ræðir um, er á latínu, og þessi vísuorð í:

Est vita post mortem, secunda in corpore novo  
Physico, videlicet, ac super nova tellure:

Líf er til eftir dauðann, annað líf, í nýjum líkama, auðvitað líkamlegum, og á annarri jörð.

Svaraði próf. Richet þessu með vingjarnlegu bréfi, sem mér þótti ekki einskisverð viðbót við bréfasafn mitt, og þannig, að ég er ekki alveg viss um að bréf mitt verði algerlega árangurslaust. En framúrskarandi þýðingarmikið, að vinna eitthvað á í þessu efni.

1928.